

Ár 2002, miðvikudaginn 17. apríl, var af Yfirfasteignamatsnefnd í málinu nr. 163/2001 kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Með ódagsettu bréfi, sem móttakið var 3. desember 2001, kærði Finnur T. Stefánsson, kt. 200347-3909, endurmat Fasteignamats ríkisins á fasteignamati húseignar hans að Vesturfold 44, Reykjavík, sem tók gildi þann 15. september 2001.

Í kærubréfi er krafist lækkunar fasteignamats. Fram kemur að kærandi hafi keypt húseignina þann 10. júlí 2001. Þá segir í bréfinu:

“Eins og sjá má af afsali var kaupverð eignarinnar 14.300.000 kr.. Húsið er gamalt, byggt 1927, og var flutt hingað 1993. Samkvæmt upplýsingum Fasteignamatsins miðast hið nýja fasteignamat við að húsið hafi verið byggt 1994, en það er misskilningur. Hús þetta stóð áður upp í Selási og hét Selásdalur. Þótt ástand þess sé þokkalegt miðað við aldur er verðmæti þess allt annað en annarra húsa hér á svæðinu. Húsið hafði verið lengi til sölu er ég keypti það og kaupverðið er mjög raunhæfur mælikvarði á verðmæti þess. Seljandi var óskyldur aðili.”

Yfirfasteignamatsnefnd óskaði með bréfi dags. 6. desember 2001 eftir umsögn Fasteignamats ríkisins um framangreinda kæru. Umsögn af hálfu stofnunarinnar er dags. 12. mars 2002, en þar segir m.a.:

“Við nánari skoðun á fasteignamati téðrar eignar hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að taka það til gagnerrar endurskoðunar þar sem þær upplýsingar sem fyrir liggja um hana í Landskrá fasteigna eru ófullnægjandi og því verður rétt fasteignamat ekki byggt á þeim. Fasteignamat ríkisins telur nauðsynlegt að aflað verði nánari upplýsinga um eignina, sbr. 21. gr. laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001.”


### Niðurstaða


Komið hefur í ljós að upplýsingar í Landskrá fasteigna, sem byggt var á við endurmatið er tók gildi 15. september, voru ófullnægjandi. Samkvæmt því er málinu vísað til Fasteignamats ríkisins til nýrrar meðferðar og ákvörðunar.

### ÚRSKURÐARORÐ:

Málinu er vísað til Fasteignamats ríkisins til nýrrar meðferðar og ákvörðunar.

  
Pétur Stefánsson

  
Guðný Björnsdóttir

  
Guðmundur Magnússon